

Alþýðuskáld

Í lokakafla fyrsta hluta bókmenntasögu, Angurværð nýrrar aldar 1900–1930, segir svo:

Breiðfirsku ljóðskáldin, systurnar Ólína Andrésdóttir (1858–1935) og Herdís Andrésdóttir (1858–1939), eru verðugir fulltrúar alþýðlegrar íslenskrar menningar á tímum angurværðar og þekktar fyrir ferskeytlur sínar.

1. Hverjar voru þessar systur, hvernig ortu þær? Sýndu dæmi um kveðskap þeirra. Ljóðasafn þeirra, sem kom út að þeim látnum, svarar þessum spurningum, *Ljóðmæli Ólínu og Herdísar*.

Góð heimild til að finna vitneskju um þessar systur er **Íslensk bókmenntasaga IV**, sem Guðmundur Andri Thorsson ritstýrir og Mál og menning gaf út árið 2006. Lestu bls. 184–186.

2. Hvaða fleiri skálda er getið í Angurværð nýrrar aldar sem fylla sama flokk og systurnar breiðfirsku? Nefndu tvö til fjögur samtímaskáld þeirra systra.

3. Veldu eitt þeirra sem þú nefnir og finndu vitneskju um viðkomandi í **Íslensku bókmenntasögunni**, dragðu saman í eina efnisgrein.